# Fimmtudagur 9. febrúar

## SJÓNVARPIÐ

18.00 **Heiða** (33). Teiknimyndaflokkur byggður á skáldsögu Jóhönnu Spyri.
18.25 **Stundin okkar.** endursýning. Umsjón Helga Steffensen. Stjórn upptöku Þór Elís Pálsson.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
19.00 **Jörðin** Annar þáttur. Bresk fræðslumynd í þremur þáttum. Þýðandi Jón O. Edwald. Þulur Guðmundur Ingi Kristjánsson.
19.55 **Ævintýri Tinna** Ferðin til tunglsins (16)
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Í pokahorninu. Eyðing.** Þáttur um myndlistarnemann Guðmund Rúnar Lúðvíksson. Umsjón og stjórn upptöku Þór Elís Pálsson.
20.45 **Á sólgylltum vængjum.** (Birds of the Sun God). Bresk náttúrulífsmynd um kólibrífugla.
21.15 **Matlock** Bandarískur myndaflokkur um lögfræðinginn snjalla leikinn af Andy Griffith.
22.00 **Íþróttasyrpa.** Ingólfur Hannesson stiklar á stóru í íþróttaheiminum og sýnir svipmyndir af innlendum og erlendum íþróttaviðburðum.
22.30 **Atli Heimir í Finnlandi.** Finnskur tónlistarþáttur þar sem meðal annars er fjallað um tónsmíðar Atla Heimis Sveinssonar.
23.00 **Seinni fréttir og dagskrárlok.**
23.50 **Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

15.45 **Santa Barbara.** Bandarískur framhaldsþáttur.
16.30 **Með Afa.** Endurtekinn þáttur frá síðastliðnum laugardegi.
18.00 **Fimmtudagsbitinn.** Blandaður tónlistarþáttur.
18.50 **Kim Larsen.** Söngvarinn flytur nokkur sinna bestu laga.
19.19 **19:19.** Lifandi fréttaflutningur ásamt umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.30 **Morðgáta.** Henni Jessicu er ekki fisjað saman þegar lausnir morðmála eru annars vegar. Aðalhlutverk: Angela Lansbury.
21.20 **Forskot á Pepsí popp.** Kynning á helstu atriðum þáttarins Pepsí popp sem verður á dagskrá á morgun.
21.30 **Þríeykið.** Rude Health. Breskur gamanmyndaflokkur í sjö hlutum um þrjá lækna sem eiga ekkert sameiginlegt utan stöðuheitis. Fimmti þáttur. Aðalhlutverk: John Wells, John Bett og Paul Mari.
21.55 **Crunch.** Spennumynd fimmtudagsins fjallar um reyndan lögreglumann í morð- og innbrotadeild lögreglunnar í Los Angeles og ungan samstarfsmann hans. Ekki við hæfi barna.
23.35 **Blað skilur bakka og egg.** The Razor's Edge. Stórstjarnan Tyrone Power fer með aðalhlutverkið í þessari sígildu mynd sem byggir á sögu eftir W. Somerset Maugham. Aðalhlutverk: Tyrone Power, Gene Tierney, Clifton Webb, Herbert Marshall og Anne Baxter.
1.55 **Dagskrárlok.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Irma Sjöfn Óskarsdóttir flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Ingveldi Ólafsdóttur.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30. Baldur Sigurðsson talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn** – „Sitji guðs englar". Höfundurinn Guðrún Helgadóttir les. (4) (Einnig um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Sans.** – Frá sjónarhóli neytenda. Jón Gunnar Grjetarsson sér um þáttinn. (Einnig útvarpað kl. 18.20 síðdegis.)
9.40 **Landpósturinn** – Frá Norðurlandi. Umsjón: Pálmi Matthíasson á Akureyri.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.55 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Nornir. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** „Blóðbrúðkaup" eftir Yann Queffeléc. Guðrún Finnbogadóttir þýddi. Þórarinn Eyfjörð les (11.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Fimmtudagssyrpa.** Magnúsar Einarssonar. (Endurflutt aðfaranótt sunnudags eftir fréttir kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Leikrit vikunnar:** „Morð í mannlausu húsi", framhaldsleikrit. eftir Michael Hardwick, byggt á sögu eftir Arthur Conan Doyle. (Endurtekið frá þriðjudagskvöldi.)
15.45 **Þingfréttir.**
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – „Virgill litli". Eftir Ole Lund Kirkegaard, Sigurlaug Jónasdóttir les 3. lestur. Þýðing: Þorvaldur Kristinsson
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Mozart og Boccherini.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni.
18.20 **Sans.** – Frá sjónarhóli neytenda. Jón Gunnar Grjetarsson sér um þáttinn. (Endurtekinn frá morgni.) Tónlist . Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Baldur Sigurðsson flytur.
19.37 **Kviksjá.** Þáttur um menningarmál. Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn** – „Sitji guðs englar". Höfundurinn, Guðrún Helgadóttir, les. (4) (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Tónlistarkvöld Útvarpsins.** – Frá tónleikum Kammersveitar Reykjavíkur 18. des. sl. í Áskirkju. Einsöngvari: Sigrún Hjálmtýsdóttir. Stjórnandi: Ann Wallström. Kynnir: Bergþóra Jónsdóttir.
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Lestur Passíusálma.** Guðrún Ægisdóttir les 10. sálm.
22.30 **Aldarminning Tryggva Þórhallssonar.** Gunnar Stefánsson tók saman. (Einnig útvarpað nk. þriðjudag kl. 15.03.)
23.10 **Fimmtudagsumræðan.**
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1

01.10 **Vökulögin.**
7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Ólöf Rún Skúladóttir hefja daginn með hlustendum.
9.03 **Stúlkan sem bræðir íshjörtun,** Eva Ásrún kl. 9. Morgunsyrpa Evu Ásrúnar Albertsdóttur. – Afmæliskveðjur kl. 10.30.
11.03 **Stefnumót.** Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Heimsblöðin.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Margrét Blöndal og Gestur Einar Jónasson leika þrautreynda gullaldartónlist og gefa gaum að smáblómum í mannlífsreitnum.
14.05 **Milli mála,** Óskar Páll á útkíkki. – Útkíkkið kl. 14.14, allt sem þú þarft að vita um það sem fólk er að gera í mannbótaskyni. – Hvað er í bíó? – Ólafur H. Torfason. – Fimmtudagsgetraunin endurtekin.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ævar Kjartansson og Sigríður Einarsdóttir. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendaþjónustan kl. 16.45. – Meinhornið kl. 17.30, kvartanir og nöldur, sérstakur þáttur helgaður öllu því sem hlustendur telja að fari aflaga. – Stóru mál dagsins milli kl. 17 og 18. – Þjóðarsálin, þjóðfundur í beinni útsendingu að loknum fréttum kl. 18.03.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Meðal efnis: „Kista Drakúla" eftir Dennis Jörgensen í útvarpsleikgerð Vernharðs Linnets. Lokaþáttur. (Áður flutt í Barnaútvarpinu.)
21.30 **FRÆÐSLUVARP:** Lærum ensku. Enskukennsla fyrir byrjendur á vegum Fjarkennslunefndar og Málaskólans Mímis. Tólfti þáttur endurtekinn frá liðnu hausti.
22.07 **Sperrið eyrun.** Anna Björk Birgisdóttir leikur þungarokk á ellefta tímanum.
01.10 **Vökulögin.** Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Austurlands.**

## FM 98,9 BYLGJAN

7.30 **Páll Þorsteinsson:** Tónlist sem gott er að vakna við, litið í blöðin og sagt frá veðri og færð. Fréttir kl. 8 og Potturinn kl. 9.00
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Góð Bylgjutónlist hjá Valdísi. Fréttir kl. 10, 12 og 13. Potturinn kl. 11. Brávallagötuhyskið kemur milli kl. 10 og 11.
14.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Góð stemmning með góðri tónlist. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 15 og 17. Bibba og Dóri milli kl. 17 og 18.
18.00 **Fréttir.**
18.10 **Reykjavík síðdegis – Hvað finnst þér?** Steingrímur og Bylgjuhlustendur tala saman. Síminn er 61 11 11.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.**
20.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.**
24.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Egg og beikon.** Morgunþáttur Þorgeirs og fréttastofunnar, viðtöl, fólk og góð tónlist. Stjörnufréttir klukkan 8.
9.00 **Níu til fimm.** Lögin við vinnuna, lítt trufluð af tali. Umsjón Gyða Dröfn Tryggvadóttir og Bjarni Haukur Þórsson. Stjörnufréttir klukkan 10, 12, 14 og 16.
17.00 **Ís og eldur.** Þorgeir Ástvaldsson og Gísli Kristjánsson. Tal og tónlist. Stjörnufréttir klukkan 18.
18.00 **Bæjarins besta.** Kvöldtónlist til að hafa með húsverkunum og eftirvinnunni.
21.00 **Í seinna lagi.** Tónlistarkokkteill sem endist inn í draumalandið.
1.00 **Næturstjörnur.** Fyrir vaktavinnufólk, leigubílstjóra, bakara og nátthrafna.



## Hljóðbylgjan
**Reykjavík FM 95,7**
**Akureyri FM 101,8**

7.00 **Réttum megin fram úr.** Ómar Pétursson spjallar við hlustendur í morgunsárið, kemur með fréttir sem koma að gagni og spilar góða tónlist.
9.00 **Morgungull.** Hafdís Eygló Jónsdóttir á seinni hluta morgunvaktar, spilar tónlist við allra hæfi og segir frá ýmsum merkilegum hlutum. Afmæliskveðju- og óskalagasímarnir eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Perlur og pastaréttir.** Snorri Sturluson sér um tónlistina þína og lítur m.a. í dagbók og slúðurblöð. Símanúmerin fyrir óskalög og afmæliskveðjur eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
17.00 **Síðdegi í lagi.** Þáttur fullur af fróðleik og tónlist í umsjá Þráins Brjánssonar. Meðal efnis er Belgurinn, upplýsingapakki og það sem fréttnæmast þykir hverju sinni.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Pétur Guðjónsson** stjórnar tónlistinni á Hljóðbylgjunni fram til kl. 23.00.
23.00 **Þráinn Brjánsson** leikur þægilega tónlist fyrir svefninn.
1.00 **Dagskrárlok.**

## ALFA FM·102,9

10.00 **Morgunstund.** Guðs orð og bæn.
10.30 **Alfa með erindi til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
14.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá orði lífsins. Umsjónarmaður er Jódís Konráðsdóttir.
15.00 **Alfa með erindi til þín,** frh.
21.00 **Biblíulestur.** Leiðbeinandi: Gunnar Þorsteinsson.
22.00 **Miracle.**
22.15 **Alfa með erindi til þín,** frh.
24.00 **Dagskrárlok.**

## Rót ÚTVARP FM 106·8

13.00 **Úr Dauðahafshandritunum.** Haraldur Jóhannsson les 8. lestur.
13.30 **Mormónar.** Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu.
14.00 **Hanagal.** Félag áhugafólks um franska tungu. E.
15.00 **Laust.**
15.30 **Við og umhverfið.** Dagskrárhópur um umhverfismál. E.



16.00 **Fréttir frá Sovétríkjunum.** María Þorsteinsdóttir.
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Tónlist.**
18.00 **Kvennaútvarpið.** Ýmis kvennasamtök.
19.00 **OPIÐ.** Þáttur laus til umsóknar fyrir þig.
20.00 **FÉS.** Unglingaþáttur. Umsjón: Íris.
21.00 **Barnatími.**
21.30 **Úr Dauðahafshandritunum.** Haraldur Jóhannsson les 8. lestur. E.
22.00 **Opið hús** í beinni útsendingu á kaffistofu Rótar og boðið upp á kaffiveitingar og skemmtidagskrá.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Við við viðtækið.** Tónlistarþáttur í umsjá Gunnars L. Hjálmarssonar og Jóhanns Eiríkssonar. E.
2.00 **Næturvakt** til morguns með Baldri Bragasyni. Fjölbreytt tónlist og svarað í síma 623666.

## ÚTRÁS FM 104,8

9.00 **Morgunvakt.**
12.00 **Létt og góð tónlist.**
14.00 **Blönduð tónlist að hætti FG.**
20.00 **Blandaðir kvöldtónar**
24.00 **Næturvakt.**
02.00 **Dagskrárlok.**

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Fimmtudagsumræðan.** Umræðuþáttur um þau mál sem efst eru á baugi í Firðinum hverju sinni.



## Ólund
Akureyri
FM 100,4

19.00 **Aflraunir.** Íþróttir með nýju sniði. Arnar Kristinsson spáir í spilið.
20.00 **Skólaþáttur.** Umsjón hafa nemendur í Tónlistarskólanum. Klassísk tónlist.
21.00 **Fregnir.** 30 mínútna fréttaþáttur. Litið í leiðara og góðar fregnir. Fólk kemur í spjall.
21.30 **Listaumfjöllun.** Gagnrýni á kvikmyndir, leikrit, myndlist og tónlist.
22.00 **Táp og fjör.** Kristján Ingimarsson fjallar vítt og breitt um tónlist.
24.00 **Dagskrárlok.**

### Útvarp kl. 22.30:
# Tryggvi Þórhallsson
## – aldarminning

Gunnar Stefánsson hefur tekið saman þátt í tilefni af aldarminningu Tryggva Þórhallssonar. Tryggvi var prestur, háskólakennari, ritstjóri, forsætisráðherra og síðast bankastjóri. Hann lést árið 1935, langt fyrir aldur fram. Tryggvi var einn af aðalforystumönnum Framsóknarflokksins og forsætisráðherra 1927–32. Hann var formaður Bændaflokksins frá 1933 til dauðadags og sat á þingi fyrir Strandamenn 1923–34.

Í þættinum verður ferill Tryggva rakinn og Þórarinn Þórarinsson, fyrrum ritsjóri, ræðir stjórnmálastörf hans. Meðal annars verður lesin setningarræða Tryggva á Alþingishátíðinni 1930.

-JJ



**Tryggvi Þórhallsson forsætisráðherra.**



**Crunch og aðstoðarmaðurinn eru ógnun við glæpalýðinn í Los Angeles. Yaphet Kotto og Stephen Nathan í hlutverkum sínum.**

### Stöð 2 kl. 21.55:
# Crunch

Þegar Jessica hefur leyst sína morðgátu sýnir Stöð 2 bíómynd um glæpi í Los Angeles. Richard Blackstone er lögreglumaður af gamla skólanum. Í samskiptum sínum við glæpalýðinn beitir hann heilbrigðri skynsemi og þeirri sálfræði sem hann lærði á götunum í æsku. Löghlýðnir borgarar bera virðingu fyrir honum en misindismennirnir óttast hann. En sama hver er – allir kalla hann Crunch. Aðstoðarmaður hans er ungur og óreyndur maður sem ólmur vill læra brögðin. Saman kljást þeir við mörg ógeðfelld mál með misjöfnum árangri.

-JJ

### Stöð 2 kl. 20.30:
# Morðgáta

Um leið og Jessica Fletcher birtist fer fólk skyndilega að týna tölunni. Að þessu sinni eiga atburðirnir sér stað á veitingahúsi í New York. Jessica kaupir hlut í veitingahúsinu ásamt frænda sínum Grady Fletcher. Henni líst fremur illa á hinn meðeigndann, Chaz Crewe, sem kemur fram sem hrokafullur bjáni. Aftur á móti líst henni mjög vel á gjaldkera veitingahússins, Donnu Mayberry, en hún er trúlofuð Grady.

Einn góðan veðurdag finnst líkið af Chaz í kæliskápnum. Fljótlega kemur í ljós að Chaz hefur svikið fé og vistir af meðeigendum sínum. Þó nokkrir höfðu ástæðu til að myrða Chaz en hver morðinginn er kemur í ljós í kvöld.

-JJ



**Jessica Fletcher leysir hverja morðgátuna af annari.**